

**1975 nr. 25 22. maí****[Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir]<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> L. 43/2019, 13. gr.

**Tóku gildi 11. júní 1975.** *Breytt með:* L. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 23/2016 (tóku gildi 5. apríl 2016). L. 35/2019 (tóku gildi 24. maí 2019). L. 43/2019 (tóku gildi 1. sept. 2019).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **heilbrigðisráðherra** eða **heilbrigðisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**I. kafli. Ráðgjöf og fræðsla.****■ 1. gr.**

Gefa skal fólki kost á ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir.

Landlæknir hefur á höndum yfirumsjón með framkvæmd og uppbyggingu slíkrar ráðgjafar og fræðslu.

**■ 2. gr.**

Aðstoð skal veita, eftir því sem við á, svo sem hér segir:

1. Fræðsla og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útveg-un þeirra.

2. ...<sup>1)</sup>

3. Kynlífsfræðsla og ráðgjöf og fræðsla um ábyrgð for-eldrahlutverks.

4. Ráðgjöf og fræðsla varðandi þá aðstoð, sem konunni stendur til boða í sambandi við meðgöngu og barnsburð.

<sup>1)</sup> L. 43/2019, 13. gr.**■ 3. gr.**

Ráðgjafarþjónusta þessi skal veitt á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum og má vera í starfstengslum við mæðra-nefnd, kvensjúkdómadeildir, geðvernd, fjölskylduráðgjöf og félagsráðgjafarþjónustu.

**■ 4. gr.**

Að ráðgjafarþjónustunni skulu starfa læknar, félagsráð-gjafar, ljósmæður, hjúkrunarfólk og kennarar, eftir því sem þörf krefur.

**■ 5. gr.**

Allar viðurkenndar getnaðarvarmir skulu fást hjá ráðgjaf-arþjónustunni. Unnið skal að því að auðvelda almenningi út-vegum getnaðarvarna, m.a. með því, að sjúkrasamlög taki þátt í kostnaði þeirra.

**■ 6. gr. ...<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> L. 43/2019, 13. gr.**■ 7. gr.**

Fræðsluþjónustur skulu í samráði við skólafirlækni veita fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins. Einnig skal veita þessa fræðslu á öðrum námsstigum.

**II. kafli. ...<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> L. 43/2019, 13. gr.**III. kafli. ...<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> L. 35/2019, 10. gr.**IV. kafli. Almenn ákvæði.****■ 24. gr. ...<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> L. 43/2019, 13. gr.**■ 25. gr. ...<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> L. 43/2019, 13. gr.**■ 26. gr.**

Heilbrigðisyfirvöldum ber að hafa eftirlit með framkvæmd laganna ...<sup>1)</sup>. Stuðla ber að samræmi í framkvæmd þeirra í öllum landshlutum. Þeim, er starfa að framkvæmd laganna, skal veitt fræðsla og leiðbeiningar í því skyni.

<sup>1)</sup> L. 43/2019, 13. gr.**■ 27. gr.**

Allir þeir, sem starfa á einn eða annan hátt að framkvæmd laga þessara, eru bundnir þagnarskyldu um öll persónuleg málefni, sem þeir í því sambandi kunna að fá vitneskju um.

**■ 28. gr. ...<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> L. 43/2019, 13. gr.**■ 29. gr.** ...<sup>1)</sup>

Kostnaður vegna ráðgjafar og fræðslu á þessu sviði greið-ist af almannafé.

<sup>1)</sup> L. 43/2019, 13. gr.**■ 30. gr. ...<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> L. 43/2019, 13. gr.**■ 31. gr. ...<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> L. 43/2019, 13. gr.**■ 32. gr.**

Ákveða skal með reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

**■ 33. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

 ...